

Mál nr. 22/2026

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Upplýsingaskylda vátryggingartaka. Brottfall bótaábyrgðar. Gildi vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 19. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti samþykkti M, hinn 3. nóvember 2025, tilboð V um kaup á vátryggingum. Hafi V þá óskað eftir ljósmyndum af A vegna kaskótryggingar hennar. M hafi sent V umbeðnar myndir 26. nóvember 2025. Morguninn eftir hafi M fengið það staðfest að A væri nú kaskótryggð. Tjón hafi orðið á A kl. 01:00 aðfaranótt 27. nóvember 2025, þegar henni var ekið á staur í hálku á illa upplýstu bifreiðastæði. M hafi sent tjónstilkynninguna strax. Klukkan 16:00 sama dag hafi hún fengið tölvupóst frá V um að kaskótryggingu væri hafnað.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að hinn 3. nóvember 2025 hafi M samþykkt tilboð í tryggingar frá V. Forsenda þess að kaskótrygging sé gefin út sé sú að ljósmyndir berist af umræddri bifreið. Kl. 5:26 að morgni 26. nóvember 2025 hafi borist ljósmyndir af A. Í kjölfar þess hafi kaskótrygging verið gefin út. Hinn 27. nóvember hafi borist tjónstilkynning frá M þess efnis að kl. 01:15 hinn 26. nóvember hafi orðið tjón á A. Meðfylgjandi ljósmyndir hafi sýnt fram á mikið tjón. Liggi því fyrir að þær ljósmyndir sem M hafi sent V af A hafi ekki endurspeglað raunverulegt ástand hennar á þeim tíma, enda hafi umrætt tjón komið til áður en kaskótryggingin var gefin út. Er þá í bréfi V vísað til þess að um ranga upplýsingagiöf við gerð vátryggingasamnings hafi verið að ræða og tilraun til að fá greiddar bætur sem ekki væri réttur til. Leiði það til brottfalls mögulegrar bótaábyrgðar, sbr. 20. gr., 2. mgr. 47. gr., og 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Sé bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi sent V ljósmyndir af A kl. 5:26 að morgni 26. nóvember 2025. Kl. 13:35 sama dag óskaði V eftir ljósmynd af bakhlið A sem M sendi með tölvupósti kl. 10:41 að morgni 27. nóvember 2025. Fimm mínútum síðar, eða kl. 10:46, sendi V staðfestingu þess að A væri nú kaskótryggð.

Sama dag, þ.e. 27. nóvember 2025, sendi M tjónstilkynningu til V, þar sem fram kom að tjón hefði orðið á A kl. 01:15 26. nóvember 2025, þ.e. aðfaranótt þess dags. Kemur sú tímasetning bæði fram á rafrænni tjónstilkynningu svo og undirrituðu tjónstilkynningareyðublaði sem er meðal gagna málsins. Má því ráða af frumgögnum málsins að umrætt tjón hafi orðið áður en kaskótrygging A var gefin út, og rúmlega fjórum klukkustundum áður en M sendi V fyrst ljósmyndir af A.

Ljóst er að kaskótryggingar, eins og aðrar vátryggingar, geta aðeins tekið til tjóns sem á sér stað á gildistíma þeirra. Þar sem það liggur fyrir að umrætt tjón átti sér stað áður en kaskótrygging A tók gildi verður, þegar af þeirri ástæðu, að komast að þeirri niðurstöðu að bótaréttur sé ekki fyrir hendi.

Verður með hliðsjón af framangreindu einnig að telja að M hafi vanrækt þá upplýsingaskyldu sem á henni hvíldi skv. 19. gr. laga um vátryggingarsamninga, enda ljóst að þær ljósmyndir sem hún sendi V gáfu ekki rétta mynd af ástandi A á þeim tíma.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V vegna þess tjóns sem varð á A 26. nóvember 2025.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir